# Breyting á aðalskipulagi í landi Upsa




Gildandi skipulag




Breytt skipulag

Mkv.: 1:50.000

Bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar leggur til að aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 verði breytt til samræmis við tillögu að deiliskipulagi svæðis fyrir frístundabyggð og garðlönd í landi Upsa. Í fyrri deiliskipulagstillögu var allt svæðið skilgreint sem frístundabyggð en hluti þess ætlaður undir smáhýsi og garðlönd. Landnotkun og réttarstaða allra aðila er skýrari ef garðlönd eru skilgreind á opnu svæði til sérstakra nota með heimildum fyrir minni háttar byggingar s.s. geymslur og aðstöðuhús. Ákvæði og stærðarmörk verða sett í deiliskipulagi.

## Breytingar á greinargerð

Engin breyting er gerð á megintexta greinargerðar. Upplýsingum í yfirlitstöflum er breytt á eftirfarandi hátt.

### Kafli 4.11 Svæði fyrir frístundabyggð

**Gildandi skipulag**

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| 510-F | 3,7 | Í landi Upsa. | Óbyggt. | Þétt frístundabyggð. Allt að 12 lóðir. Uppbygging skv. deiliskipulagi. |

**Breytt skipulag**

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| 510-F | 2,5 | Í landi Upsa. | Óbyggt. | Þétt frístundabyggð. Allt að 12 lóðir. Uppbygging skv. deiliskipulagi. |

### Kafli 4.14 Opin svæði til sérstakra nota

**Breytt skipulag:**

Ný lína í töflu

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| 521-O | 1,2 | Í landi Upsa. | Í notkun að hluta | Garðlönd. Möguleg bygging lítilla aðstöðuhúsa. Uppbygging skv. deiliskipulagi |

## Breyting á skipulagsuppdrætti

Svæði 510-F er skipt upp og hluti þess skilgreindur sem opið svæði til sérstakra nota, svæði 521-O

## Áhrifamat

Breyting þessi felur ekki í sér stefnu um leyfisveitingar til framkvæmda, sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er hún því ekki háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Breytingin er óveruleg, á við lítið svæði og hefur engin áhrif á nágranna, aðra starfsemi eða aðliggjandi landnotkun. Breytingin telst rúmast innan skilgreiningar fyrir óverulegar breytingar á aðalskipulagi í 36. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Mörk skipulagssvæðis

LANDNOTKUN
- Þéttbýli, þéttbýlismörk
- Íb Íbúðarsvæði
- S Svæði fyrir þjónustustofnanir
- M Svæði fyrir þjónustustofnanir
- V Verslunar- og þjónustusvæði
- A Athafnasvæði
- I Iðnaðarsvæði
- H Hafnarsvæði
- L1 Landbúnaðarsvæði L1
- L2 Landbúnaðarsvæði L2
- L Landbúnaðarsvæði, sérákvæði
- F Frístundabyggð
- O Opin svæði til sérstakra nota
- Óbyggð svæði
- Blönduð landnotkun
- Efnistökusvæði
- Merking landnotkunarreita
- Landfyllingar

TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN
- H Hverfisverndarsvæði
- Náttúruverndarsvæði: Fólkvangur, friðland
- Svæði á Náttúruminjaskrá
- Vatnsverndarsvæði
  - Brunnsvæði
  - Grannsvæði
  - Fjarsvæði
- M Fornminjar
- M Fornminjar, minjasvæði
- Fornminjar, Sveitarlangur
- Lárétt hönnunarhröðun í jarðskjálftum

SAMGÖNGUKERFI
- Stofnbraut
- Stofnbraut, jarðgöng
- Tengivegur / tengibraut
- Aðrir vegir / safngata
- Aðal göngu- og hjólastígar
- Megin útivistarstígur
- Reiðleið

STOFNLAGNIR VEITUKERFA
- Rafveita, loftlína
- Rafveita, flutningslína, helgunarsvæði
- Rafveita, jarðstrengur
- Hitaveita
- Vatnsveita
- Ljósleiðari
- Fráveita, útrás

Aðalskipulagsbreyting þessi sem er óveruleg sbr. ákvæði 2. mgr. 36. gr.skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar þann 21.02.2012

Dalvíkurbyggð

bæjarstjóri

Afgreiðsla bæjarstjórnar var auglýst þann 09.03.2012

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann 14. 03. 2012

# AÐALSKIPULAG DALVÍKURBYGGÐAR 2008-2020 SVEITARFÉLAGSUPPDRÁTTUR

BREYTING
í landi Upsa

Umhverfis- og tæknisvið Dalvíkurbyggðar

Mælikvarði 1:50.000

9. febrúar 2012

TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí